

Bókmenntir.

Jón Pálsson:

AUSTANTÓRUR I.

Víkingsútg. 1945.

Fyrir 11 árum kom út í vand- aðri útgáfu hið merka rit sr. Jón- asar frá Hrafnagili, Íslenzkir þjóð- hættir. Það er nú fyrir mörgum ár- um uppseld bók. Síðan hafa mörg rit sama efnis komið út á Íslandi. Í hinu mikla bókaflóði, sem pen- ingaár styrjaldarinnar hafa fært oss, hafa þjóðsögur, sagnir um merka menn, ýmist lifandi eða látna, og ýmiskonar þjóðhátta-lýs- ingar skipað allmikið rúm. En mjög hefir skipt í tvö horn um vörugæði á þeim markaði. Efnið er ótæmandi og heillandi í senn, og þjóðin er sífrjó og skapandi nýjar og nýjar sögur. Og sízt er undan því að kvarta, að menn hafi ekki gengið á fjörur íslenzkra þjóð- fræða og hirt það „ranamosk“, sem öldur áranna hafa skolað á land. Menn hafa jafnvel háð kapphlaup um að bjarga af þeim reka undan tímans stóra-sjó. Og vel sé þeim, sem slík verk hafa unnið.

Snemma á þessu ári bættist nýr liðsmaður í hópinn. Það er Jón Pálsson, fyrv. bankaféhirðir í Reykjavík. Sendir hann frá sér 160 bls. bók í Eimreiðar broti. Er það fyrsta hefti í væntanlegu allmiklu safni ísl. þjóðfræða og sagnabátta, sem mag. Guðni Jónsson hefir tek- izt á hendur að búa undir prentun. Nefnir Jón bók sína *Austantóru*, og er nafnið eitt nokkur bending um það ranamosk, er hinn átt- ræði þulur hefir tint saman.

Jón Árnason, Ólafur Davíðsson og Jónas Jónasson hafa allir unnið gott og merkilegt menningarstarf á sviði ísl. þjóðsagna og þjóðfræða, og í spor þeirra hafa síðan margir góðir menn fetað. Nú síðastur þeirra kemur Jón Pálsson, gáfaður, þjóðhollur, orðfímur og athugull maður, vinur dýra og manna, lang- minnugur og lærður úr 80 ára reynsluskóla. Tel ég engan efa á, að Jón Pálsson er búinn að vinna mikið verk og gott á akri íslenzkra þjóðfræða með því, sem hann hef- ir þegar skráð, en minnstur hlut- inn af því er enn kominn fyrir al- menningssjónir. Bók hans, *Austan- tóru*, er hvarvetna auðsugestur, og hafa ýmsir orðið til að minnast hennar hlýlega og það að verðleik- um.

7. Skutull, Ísafirði.
XXIII. árg. 19. sept. 1945
Bókmenntir. Jón Pálsson:
Austantóru I.
Ritdómur eftir séra Einar
Sturlaugsson, Patreksfirði.

Fyrri hluti bókarinnar, eða full- ar 70 blaðsíður, flytur skemmti- lega þætti af nokkrum merkum mönnum úr alþýðustétt heiman úr æskubyggð höfundar, Stokkseyrar- hreppi. Hefir Jón þar með greitt vel og drengilega, eins og hans var von, nokkuð upp í þá miklu skuld, er vér stöndum í við horfnar hetj- ur úr alþýðustétt þessa lands, sem flestar liggja hjá garði. Eru þættir þessir bæði fróðlegir og skemmti- legir. Er frásögnin víða með slík- um eðlileikablæ, að þvílíkt er sem karlarnir sjálfir, er frá greinir, séu að rabba við lesandann, Mörg til- svör þeirra eru slík, að þau munu lengi í minnum geymast.

Síðari kafli bókarinnar, sem er meira en helmingur ritsins, fjallar um veðurmerki og veðurspár í Ár- nessýslu.

Hafa flestir, er um bókina hafa ritað, getið þess þáttar hennar minna en mér finnst efni standa til. Ég er að visu ekki veðurfræð- ingur og kann ekki að meta veður- spár höfundar. En hér á landi hafa hugaðir menn og hafsæknir stund- að hættulegan atvinnuveg um alda- raðir, þegar engar vísindalegar veðurspár voru til. Þá reyndi á manninn sjálfan, hvern og einn, sem í hættunni stóð. Og það er ár-

angur þeirrar reynslu og sívökulu eftirtektar höfundar, sem í bók hans er að finna. Höfundur er langminnugur og athugull með af- brögðum, jafnt á dauða hluti sem lifandi verur. Kemur honum þar að haldi, að hann virðist skilja jafnt mál dýra sem manna. — Hefur Jón Pálsson, með skráningu veðurathugana sinna, borgið mörgu því, sem ég tel betur farið, að sé geymt en gleymt. Í bókinni eru ennfremur mörg þau orð og orða- tiltæki, sem fengur er í að vita bókfest.

Þætti mér ekki ólíklegt, að um það er lýkur útgáfu „ranamosks“ Jóns Pálssonar, hefði hann valið sér sæti meðal fremstu þjóðfræða- ritara vorra. Hafi hann þökk fyrir Austantóru sínar, svo og þeir aðr- ir, er að útgáfu bókarinnar stóðu.

Einar Sturlaugsson.